



GJALDSKRÁ

fyrir vatns- og fráveitu Snæfellsbæjar

1. gr.

Gjaldskylda

Snæfellsbær innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

Snæfellsbær innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu, skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituf framkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Fráveitugjöldum skal varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í janúar ár hvert og er uppfært einu sinni á ári.

| Þvermál inntaks: | Heimæðargjald |
|-------------------------|---|
| | <i>m.v. byggingarvísitölu í des. 2023</i> |
| 32mm | 350.000 |
| 40 mm | 370.000 |
| 50 mm | 420.000 |
| 63 mm | 530.000 |
| 75 mm | 680.000 |
| 90 mm | 900.000 |

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagningar hafi verið lagt á frostfrú dýpi frá tengistað varnsveitu Snæfellsbæjar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn og tengigrind. Ef heimtaug er lengri en 30 metrar bætist við 2% af yfirlengdargjald á hvern metra. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi stærðar. Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm er reiknað út hjá tæknideild Snæfellsbæjar.

Gjöld skv. þessari grein miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert og skal uppfærð miðað við vísitöluhækkunir í byrjun hvers árs.

4. gr.

Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna

Aukakostnaður ef vantar ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothæft er kr. 9.000 kr/m vegna skurðgraftar. Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp, eða ef frost er í jörðu, bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft:

| Dýpi: | Kr. á lengdarmetra: |
|-----------------------|----------------------------|
| Klaki /klöpp < 30 cm | 3.000 |
| Klaki / klöpp > 30 cm | 5.500 |

Purfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

| | |
|--------------------|---------------------|
| Vatnsdæla | 2.200 kr/sólarhring |
| Rafstöð fyrir dælu | 3.000 kr/sólarhring |

Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskranu kr. 12.000

Sé aðeins sótt um byggingarvatnskranu er gjaldið kr. 65.000 fyrir tengingu og aftengingu hans.

5. gr.

Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,21% af fasteignamati eigna í A-flokki, en 0,45% af fasteignamati eigna í B- og C-flokki, ásamt lóð.

6.gr.

Notkunargjald vatns

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, skal innheimt sérstakt notkunargjald.

Fjárhæð notkunargjalds er 30 kr. á rúmmetra (m³) vatns skv. mælingu sem fram fer ársfjórðungslega.

Notkunargjaldið skal taka mið af vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert og skal uppfært miðað við vísitöluhækkunir í byrjun hvers árs.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

7. gr.

Mælaleiga

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælur. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

| Stærð mælis | Mælaleiga á ári |
|--------------------|------------------------|
| 0 - 15mm | 7.000 |
| 16 - 20 mm | 10.000 |
| 21 - 25 mm | 12.000 |
| 26 - 32 mm | 15.000 |
| 33 - 40 mm | 18.000 |
| 41 - 50 mm | 20.000 |
| 51 - 80 mm | 55.000 |
| 81 – 99 mm | 60.000 |
| 100 mm og stærri | 65.000 |

Mælaleigan skal taka við af vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert og skal uppfærð miðað við vísitöluhækkunir í byrjun hvers árs.

Mælaleigan skal innheimt árlega með fyrstu innheimtu notkunargjalds í mars ár hvert.

8. gr.

Stofngjald fráveitu

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins, sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis, skal vera sem hér segir:

| | |
|---------------------------|---|
| Einbýlis- par- og raðhús | 600.000 kr/hver íbúð |
| Fjölbýlishús | 350.000 kr/hver íbúð |
| Mannvirki önnur en íbúðir | 1.759 kr/m ² af raunstærð húsnæðis |

Gjöld skv. þessari grein miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert og skal uppfærð miðað við vísitöluhækkunir í byrjun hvers árs.

9. gr.

Fráveitugjald

Árlega skal greiða fráveitugjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengjast fráveitulögnum Snæfellsbæjar.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Gjald miðast af fasteignamati eigna í A-flokki annars vegar og eigna í B- og C-flokki, hins vegar, og er gjaldskrá samþykkt í bæjarstjórn.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

10. gr.

Rotþróargjald

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun fyrir sig:

| Stærð í lítrum | Tæmingargjald |
|-----------------------|--------------------------|
| Rotþró < 4.000 | 60.000 |
| Rotþró 4.001 – 6.000 | 80.000 |
| Rotþró > 6.000 | 15.000 pr umframrúmmetra |

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 5.000 kr.

11. gr.
Gjalddagar

Gjalddagi heimæðargjalds og stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar, nýtir lóð undir annað en byggingu, miðast gjalddagi heimæðargjalds við tenginu heimæðar.

Gjalddagi vatnsgjalds og fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjalddagi notkunargjald vatns er á fjögurra mánaða fresti.

Gjalddagi leigugjalds fyrir vatnsmæla er 1. mars og er leigugjaldið innheimt með fyrsta útsenda reikningi notkunargjalds hvers árs.

Gjalddagi rotþróargjalds er við útgáfu reiknings.

12. gr.
Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds, heimæðargjalds, stofngjalds fráveitu og fráveitugjalds. Notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds vatns og leigugjalds fyrir vatnsmæla.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsréttir fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum.

13. gr.
Gildistaka

Gjaldskrá þessi, sem öðlast gildi þann 1. janúar 2024, er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, III. kafla vatnalaga nr. 15/1923, 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 369/2011

Snæfellsbær, 7. desember 2023

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri